

Fréttabréf Síðuskóla

2. bréf - september - skólaárið 2020-2021

Kæru foreldrar, nemendur og starfsfólk!

Nú er skólastarfið er komið í fullan gang og fer vel af stað. Eins og við öll vitum þá höfum við þurft að takmarka heimsóknir foreldra í skólann vegna Covid-19 og viljum við þakka ykkur þá tillitssemi sem þið hafið sýnt. Það hefur eflaust ekki verið auðvelt fyrir marga að geta ekki fylgt börnum sínum betur úr hlaði inn í skólastarfið þetta skólaárið, ekki síst þeim nemendum sem eru nýir í skólanum. Við viljum því hvetja ykkur til að hafa samband við umsjónarkennara í tölvupósti eða símleiðis ef eitthvað brennur á ykkur sem nauðsynlegt er fyrir okkur að vita. Við lítum fram á bjartari tíma í þessum veirumálum og að sjálfsögðu viljum við öll leggjast á eitt við að láta skólastarfið ganga sem allra best og börnum líði vel.

Við munum ekki hafa hafa haustfundina með sama sniði og verið hefur. Það er eitt af því sem við verðum að breyta við þessar aðstæður. Umsjónarkennarar munu hins vegar ýmist senda kynningu eða halda fjarfundi á næstu dögum.

Þemadeginum sem átti að vera í dag var frestað vegna veðurs en við fylgjumst vel með veðurspánni og setjum þemadaginn á þegar vel viðrar til útiveru.

Við viljum svo hvetja alla til að ganga eða hjóla í skólann þar sem átakið **Göngum í skólann** fór af stað þann 2. september með því að allir hlupu í Ólympíuhlaupi ÍSÍ.

Leiðarljós okkar er að vinna saman, ná árangri og gleðjast!

Með góðri kveðju!

Ólöf, Malli og Helga



Á döfinni

8. september

Dagur læsis

16. september

Dagur íslenskrar náttúru

24. september

Samræmd próf í 7. bekk - íslenska

Samræmd próf í 7. bekk - stærðfræði

26. september

Evrópski tungumáladagurinn

28. september

Skipulagsdagur

Útíkennsla í list- og verkgreinum

List- og verkgreinakennarar hafa nýtt góðviðrisdagana nú í haust og farið með nemendur á miðstigi í innigarðinn og kennt þar. Nemendur lærðu að tálga, sumir máluðu á steina og aðrir voru í nýsköpun og lummubakstri. [Hér má sjá fleiri myndir.](#)



Ólympíuhlaup ÍSÍ

Þann 1. september fór Ólympíuhlaup ÍSÍ fram í Síðuskóla. Áður en hlaupið hófst var hitað upp með Zumbadansi á skólalóðinni. Hlaupinn var "Síðuskólahringur" en hann er 2,2 km. Nemendur höfðu val um hve marga hringi þeir hlupu en þó að hámarki fimm. [Hér má skoða fleiri myndir.](#)



Göngum í skólann

Ólympíuhlaupið var upphaf átaksins *Göngum í skólann* en það stendur yfir frá 2.-30. september. Meðan á því stendur eru nemendur og starfsmenn hvattir til að koma gangandi eða hjólandi í skólann. Ásamt því að hvetja til virks ferðamáta er markmiðið að auka færni nemenda í að ferðast á öruggan hátt í umferðinni, fræða þá um mikilvægi hreyfingar og um leið minnka umferð og mengun í kringum skólann. Ávinningurinn er gríðarlega mikill og mikilvægt að hvetja börnin til þess að hreyfa sig og tileinka sér sem öruggastan ferðamáta til og frá skóla.

- Nemandi sem kemur hjólandi í skólann gerir það á ábyrgð foreldra/forráðamanna sem meta færni barnsins og aðstæður á hjólaleiðinni. Skv. 44. grein umferðarlaga mega börn yngri en níu ára ekki hjóla á akbraut án leiðsagnar og eftirlits aðila sem hefur náð 15 ára aldri. Þar af leiðandi getur skólinn ekki mælt með að þeir nemendur komi á hjóli í skólann nema í fylgd fullorðinna.
- Samkvæmt umferðarlögum er börnum yngri en 16 ára skylt að nota reiðhjólaihjál.

Ákvörðun er foreldra og á ábyrgð þeirra.



Umhverfissáttmáli Síðuskóla

Við nemendur og starfsmenn Síðuskóla:

1. Berum virðingu fyrir náttúrunni og umhverfi okkar og sýnum það í verki.
2. Nýtum alla hluti vel og spörum.
3. Flokkum, endurvinnum og forðumst notkun einnota umbúða.
4. Sóum ekki mat.
5. Drögum úr mengun og notum umhverfisvænar vörur og samgöngumáta.
6. Lærum að þekkja áttthaga okkar, nánasta umhverfi sem og perlur í íslenskrí náttúru.
7. Umgöngumst jörðina í anda sjálfbærar þróunar.

Nýr hjúkrunarfræðingur

Nýr skólahjúkrunarfræðingur í Síðuskóla er Karen Júlía Fossberg. Viðverutími er alla daga nema föstudaga frá klukkan 8-14.



Heimsóknarreglur í skólann

Foreldrar og aðrir gestir eru vinsamlegast beðnir um að ganga inn um aðalinngang við íþróttahús og þaðan beint til ritara ef þeir eiga nauðsynlegt erindi í skólann. Gestir skulu spritta hendur í forstofu áður en lengra er haldið. Einnig er hægt að hringja í síma 462-2588.



 Matseðill Síðuskóla Ágúst - september 2020 				
Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
	25. ágúst Silungur, steiktur kartöflur, köld sósa, ávextir	26. Lambakjöt, hrisgrjón, karrýsósa	27. Ofnbakaður fiskur, kartöflur, köld sósa	28. Aspassúpa, súpubrauð, ávextir
31. Fiskiklattar, kryddhrisgrjón, köld sósa, ávextir	1. september Kjötsúpa, ávextir	2. Grænmetisbuff, hrisgrjón, köld sósa	3. Soðin ýsa, kartöflur, rúgbrauð, ávextir	4. Lambagúllas, kartöflur, salat
7. Plokkfiskur, rúgbrauð, ávexti	8. Lasagne, hvítlauksbrauð	9. Fiskur í raspi, kartöflur, kokteilsósa, ávextir	10. Pítsa, kokteilsósa	11. Makkarónugrautur, ávextir
14. Hakk, spaghetti, tómatsósa, grænmeti	15. Fiskibollur, hrisgrjón, súrsæt sósa, ávextir	16. Svinasnitsel, kartöflur, rauðkál, baunir, smjör	17. Granítífiskur, kartöflur, ávextir	18. Sveppasúpa, súpubrauð, ávextir
21. Soðin ýsa, kartöflur, rúgbrauð, ávextir	22. Krebenettur, kartöflur, sósa	23. Ofnbakaður fiskur, kartöflur, köld sósa, ávextir	24. Kjúklingur, franskur, kokteilsósa, mais	25. Skyr, brauð, álegg
28. Skipulagsdagur	29. Sænskar kjötbollur, kartöflur, sósa	30. Fiskur í raspi, kartöflur, kokteilsósa, ávextir		

Einkunnarorð í ágúst og september

Ábyrgð

Regla mánaðarins er:

„Við erum stundvís“.

Dregið úr hættu á COVID-19 kórónuveiru smiti



- Gæta vel að hreinlæti, þvo hendur reglulega með sápu og nota handspritt. Forðast snertingu við augu, nef og munn.



- Hósta og hnerra í krepptan olnboga eða í pappír þegar um kvefeinkenni er að ræða.



- Forðist náíð samneyti við einstaklinga með hósta og almenn kvefeinkenni.



- Sýna aðgát í umgengni við algenga snertifleti á fjölförnum stöðum, s.s. handrið, lyftuhnappa, snertiskjái, greiðsluposa og hurðahúna.



- Heilsa frekar með brosi en handabandi eða faðmlagi.



- Eldið vel kjöt og egg. Forðist að koma nærri lifandi dýrum á markaðstorgum.



Embætti
landlæknis
Directorate of Health